

## D Ó M U R

Héraðsdóms Vesturlands 12. desember 2006 í máli nr. S-318/2006:

### Ákærvaldið

*(Ólafur Þór Hauksson sýslumaður)*

gegn

**Marcel Wojcik**

*(Jón Haukur Hauksson hdl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var 21. nóvember sl., höfðaði sýslumaðurinn á Akranesi með ákæru 27. september 2006 á hendur ákærða, Marcel Wojcik, Kirkjubraut 4, Akranesi.

„fyrir líkamsárás á Akranesi með því að hafa, að kvöldi fimmtudagsins 22. júní 2006, ráðist á Guðmund Guðjón Eggertsson, á heimili Guðmundar að Suðurgötu 78, og ítrekað sparkað og slegið hann hnefahöggum í höfuð, bak og fætur, fellt hann til jarðar og haldið áfram að sparka í hann liggjandi, með þeim afleiðingum að Guðmundur hlaut brot á vinstri lærlegg, glóðarauga á báðum augum og mar og yfirborðsáverka í andliti, á útlimum og á baki.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 111. gr. laga nr. 82/1998.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

### Skaðabótakrafa.

Í málinu gerir Guðmundur Guðjón Eggertsson, þá kröfu að ákærði verði dæmdur til greiðslu skaðabóta að upphæð kr. 817.352,- auk 4,5% ársvaxta frá 22. júní 2006 til 8. september 2006 en frá þeim degi með dráttarvöxtum skv. lögum nr. 38/2001.“

I.

Ákærði kom fyrir dóm 21. nóvember sl. og viðurkenndi brot sitt eins og því er lýst í ákæru. Játning ákærða er í samræmi við gögn málsins. Brot hans telst því sannað og varðar það við tilgreint lagaákvæði í ákæru. Að þessu virtu þykja vera efni til að leggja dóm á málið á grundvelli 125. gr. laga nr. 19/1991.

## II.

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins var ákærði 8. febrúar 2006 dæmdur í tveggja mánaða fangelsi fyrir þjófnað, en fullnustu refsingarinnar frestað skilorðsbundið í tvö ár. Þá var ákærði 6. nóvember sl. dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir húsbrot. Var dómurinn frá 8. febrúar 2006 tekinn upp með þeim dómi og bæði málin dæmd í einu lagi.

Með broti sínu nú rauf ákærði skilorð dómsins frá 8. febrúar 2006. Brotið framdi hann vegar fyrir uppsögu dómsins frá 6. nóvember sl. Samkvæmt ákvæði 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ber að taka þann dóm upp og dæma bæði málin í einu lagi að teknu tilliti til 78. gr. laganna.

Við ákvörðun refsingar verður að líta til þess að samkvæmt gögnum málsins var brot ákærða alvarlegt og gróft. Hins vegar þykir mega virða það ákærða til nokkurra málsbóta að hann játaði brot sitt skýlaust fyrir dómi. Samkvæmt þessu og að sakaferli ákærða virtum þykir refsing hans hæfilega ákveðin sex mánaða fangelsi. Eftir atvikum þykir með heimild í 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 mega fresta fullnustu þriggja mánaða af refsingunni og skal sá hluti hennar falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

## III.

### A.

Í málinu krefst brotápoli, Guðmundur Guðjón Eggertsson, þess að ákærði greiði honum samtals 797.852 krónur í skaða- og miskabætur, auk 4,5% ársvaxta frá 22. júní til 8. september 2006 en dráttarvöxtum skv. lögum nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Um rétt sinn til að hafa uppi kröfur þessar í málinu vísar brotápoli til XX. kafla laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Kröfur sínar hefur brotápoli sundurliðað með eftirfarandi hætti:

1. Miskabætur samkvæmt 26. gr. laga nr. 50/1987: kr. 500.000,-
2. Þjáningabætur, rúmliggjandi (12 x 2.060 kr.): kr. 24.740,-
3. Þjáningabætur, ekki rúmliggjandi (168 x 1.110 kr.): kr. 186.480,-
4. Lögmansþóknun án virðisaukaskatts: kr. 69.600,-
5. Virðisaukaskattur 24,5% á lögmansþóknun: kr. 17.052,-

Brotápoli kveður árás ákærða hafa verið mjög hættulega og fóluskulega. Hann hafi hlotið verulega áverka og árásin falið í sér brot gegn brýnustu réttindum ákærða, lífi, líkama, persónu, friði og æru.

Brotapoli vísar til þess að árásin hafi meðal annars beinst að höfði og andliti hans og hana verði því að telja mjög vítaverða. Þá hafi árásin leitt til brots á vinstri lærlegg brotþola.

Miskabótakröfu sína kveður brotþoli byggða á 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og dómvenju.

B.

Samkvæmt framansögðu hefur ákærði verið sakfelldur fyrir að hafa ítrekað sparkað og slegið brotþola hnefahöggum í höfuð, bak og fætur, fellt hann til jarðar og haldið áfram að sparka í hann liggjandi, með þeim afleiðingum sem í ákæru greinir. Ber ákærði skaðabótaábyrgð á því tjóni brotþola sem rekja má til hinnar refsiverðu háttsemi.

Brotþoli á rétt á miskabótum úr hendi ákærða vegna árásarinnar á grundvelli 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 sem í samræmi við dómvenju ákvarðast, að áverkum brotþola og öðrum atvikum virtum, 400.000 krónur.

Kröfuliður tvö er studdur framlögðu læknisvottorði Jóns Ingvars Ragnarssonar bæklunarskurðlæknis. Í vottorðinu kemur meðal annars fram tímalengd sjúkrahúslegu brotþola vegna afleiðinga árásar ákærða. Umræddur kröfuliður byggir á því tímabili sem í vottorðinu greinir og verður því fallist á kröfuliðinn að fullu.

Samkvæmt orðum 1. mgr. 3. gr. skaðabótalaga og dómaframkvæmd er það meginregla að tjónþoli fær ekki greiddar þjáningabætur þegar hann er vinnufær. Í málinu nýtur ekki við frekari læknisfræðilegra gagna en þegar hefur verið vikið að um hversu lengi brotþoli var óvinnufær vegna umræddra áverka. Sá hluti kröfu brotþola er varðar þjáningabætur í 168 daga eftir að sjúkrahúsvistinni lauk þykir því svo vanreifaður að vísa verði honum frá dómi.

Kröfuliðir fjögur til fimm eru vegna lögmannaástoðar við framsetningu bótakröfu. Lögmaður sá er unnið hefur að því að halda frammi bótakröfu brotþola var undir rekstri málsins skipaður réttargæslumaður hans. Rétt þykir því að fella lið þennan inn í ákvörðun dómsins um þóknun til skipaðs réttargæslumanns samkvæmt 1. mgr. 44. gr. i. laga nr. 19/1991.

IV.

Samkvæmt úrslitum málsins, sbr. 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, dæmist ákærði til að greiða allan sakarkostnað. Ákærði greiði því 20.815 krónur vegna öflunar áverkavottorðs. Þá verður hann dæmdur til að greiða þóknun skipaðs verjanda síns, Jóns Hauks Haukssonar hdl., er hæfilega telst ákveðin 93.126 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, sem og þóknun réttargæslumanns brotþola, Björns Ólafs Hallgrímssonar hrl., sem hæfilega telst

ákveðin 131.472 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Ákærði greiði því sakarkostnað samtals að fjárhæð 245.413 krónur.

Dóm þennan kveður upp Benedikt Bogason héraðsdómari.

## **D Ó M S O R Ð:**

Ákærði, Marcel Wojcik, sæti fangelsi í sex mánuði en fresta skal fullnustu þriggja mánaða af refsingunni og skal sá hluti hennar falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Guðmundi Guðjóni Eggertssyni 424.740 krónur auk vaxta samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 af 24.740 krónum frá 22. júní 2006 til 1. nóvember 2006 og vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af 400.000 krónum frá 22. júní 2006 til 1. nóvember 2006, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af 424.740 krónum frá 1. nóvember 2006 til greiðsludags.

Ákærði greiði 245.413 krónur í sakarkostnað.

Benedikt Bogason